



Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu
1. mars - 31. ágúst 2025

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu	5
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu	6
Samandregið sjóðstreymi samstæðu	7
Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu	8
Skýringar með samandregnum árshlutareikningi samstæðu	9

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Kennitala 420369-7789

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB) og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og dótturfélaganna Danól ehf., G7-11 fasteignafélags ehf., Iceland Spring ehf., Collab ehf. og Ankra ehf., auk KK6 fasteignafélags ehf. (dótturfélag G7-11 fasteignafélags ehf.), Pure Distribution US LLC (dótturfélag Iceland Spring ehf.) og Collab DK ApS (dótturfélag Collab ehf.).

Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti; Egils óáfengt, Egils áfengt, Danól og Útflutning.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Vörusala samstæðunnar hækkaði um 2,7% á tímabilinu og framlegð hækkaði um 5,0%. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 2.581 millj. kr. og lækkaði um 130 millj. kr. milli ára. Hagnaður tímabilsins var 1.254 millj. kr. og lækkaði um 157 millj. kr. miðað við sama tímabil í fyrra.

Mestu munaði um 158 millj. kr. lækkun EBITDA Iceland Spring samanborið við síðasta ár. Einnig var kostnaður við markaðsetningu Collab drykkjarins erlendis hærri um 106 millj. kr. miðað við sama tímabil í fyrra. Án þessara áhrifa hækkaði EBITDA samstæðunnar um 134 millj. kr. milli ára.

Eignir samstæðu Ölgerðarinnar voru 35,7 ma. kr. og eigið fé 17,4 ma. kr. og hækkaði um 983 millj. kr. á tímabilinu. Á tímabilinu voru gefnir út 20.812.500 nýir hlutir í félaginu fyrir 124 millj. kr. til að mæta nýtingu kaupréttar. Nánari upplýsingar um þróun eigin fjár félagsins er að finna í eiginfjárfirliti reikningsins.

Hreinar vaxtaberandi skuldir, að viðbættri húsaleiguskuldbindingu, námu 7.237 millj. kr. í lok árs og lækkuðu um 209 millj. kr. frá upphafi fjárhagsársins.

Vinna við útflutning á drykknum Collab hélt áfram á tímabilinu, en drykkurinn er til sölu í Danmörku og norðurhluta Þýskalands. Ákveðið hefur verið að markaðssetja drykkinn einnig í Austurríki.

Á tímabilinu var gengið frá viðskiptum með Ankra ehf. eftir að öllum skilyrðum fyrir viðskiptunum var fullnægt. Kaup Ölgerðarinnar á Gæðabakstri og Kjarnavörum eru enn í skoðun hjá Samkeppnisyfirlitinu.

Í samræmi við starfskjarastefnu Ölgerðarinnar sem samþykkt var á aðalfundi 8. maí 2025 samþykkti stjórn kaupréttaráætlun fyrir allt starfsfólk Ölgerðarinnar og eftir atvikum dótturfélaga. Kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við 303 starfsmenn og ná til 12.383.913 hluta á ári í þrjú ár miðað við 100% nýtingu.

Ölgerðin fær áfram frábærar einkunnir í UFS mati hjá matsfyrirtækinu Reitun, nú 86 stig af 100 mögulegum og flokkur A3 (hæst A1). Félagið hefur lagt áherslu á sjálfbærni til langs tíma og er leiðandi á íslenskum markaði á þessu sviði. Vinnan beinist að því að draga úr losun frá allri starfsemi, með markmiðum sem byggja á vísindalegum grunni

(SBTi) og hafa verið staðfest. Þessi markmið snúa að minnkun losunar frá flokki 1 og 2. Þá hefur félagið sett sér kolefnishlutleysismarkmið (Net-Zero) fyrir árið 2040. Stjórn og stjórnendur eru virkir í sjálfbærnimálum og upplýsingar um sjálfbærni er hluti af ársuppgjöri. Á meðal annarra markmiða félagsins fyrir árið 2025 að notast við 95% endurnýjanlega orkugjafa í starfsemi, sem er skref að markmiði um 100% endurnýjanlega orkugjafa til ársins 2030. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa var 94,8% í lok ágúst. Þá er félagið með markmið að ljúka að minnsta kosti 500 umbótaverkefnum á árinu en sú vinna er mikilvægur hlekkur í því að innleiða sjálfbærni og stöðugar umbætur í menningu fyrirtækisins. Félagið hlaut viðurkenningu Sjálfbærniássins árið 2025. Annað árið í röð skoraði Ölgerðin hæst í flokki framleiðslufyrirtækja á Íslandi og fyrir það er starfsfólk fyrirtækisins afar þakklátt og stolt. Viðurkenningin er dýrmæt hvatning fyrir Ölgerðina sem hvetur okkur áfram að gera enn betur og styrkir trú okkar að við séum á réttri leið í sjálfbærnivegferð okkar.

Á tímabilinu voru meðal stöðugildi samstæðunnar 436,1 samanborið við 412,7 árið áður. Hlutfall kvenna í samstæðunni var 31% en í stöðum yfirmanna og stjórnenda var hlutfall kvenna 40%. Í stjórn Ölgerðarinnar eru 60% konur og 40% karlar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2025 – 31. ágúst 2025 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2025. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík 9. október 2025.

Stjórn:

Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður

Gerður H. Arinbjarnardóttir

Magnús Árnason

Rannveig Eir Einarsdóttir

Forstjóri:

Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Andri Þór Guðmundsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árslutareikning samstæðu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2025. Samandregni árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árslutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 9. október 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Magnús Mar Vignisson

Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu

Rekstrarreikningur

'000 ISK	Skýr.	1. júní til 31. ágúst		1. mars til 31. ágúst	
		2025*	2024*	2025	2024
Vörusala	3	12.999.911	12.739.101	24.608.909	23.972.447
Áfengis- og skilagjald		(3.534.233)	(3.368.624)	(6.555.301)	(6.216.719)
Hrein vörusala		9.465.677	9.370.477	18.053.607	17.755.728
Framleiðslukostnaður	4	(5.575.350)	(5.698.085)	(10.708.201)	(10.769.256)
Framlegð		3.890.328	3.672.393	7.345.407	6.986.473
Aðrar rekstrartekjur		11.202	11.236	16.459	18.035
Annar rekstrarkostnaður	4	(2.593.209)	(2.298.442)	(5.383.596)	(4.841.418)
Hagn. fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)		1.308.321	1.385.187	1.978.270	2.163.090
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага		1.914	9.753	3.829	19.506
Fjármunatekjur		31.389	44.929	67.942	72.373
Fjármagnsgjöld		(251.357)	(241.064)	(487.682)	(473.913)
Gengismunur		337	(45.208)	(162)	(46.118)
Hagnaður fyrir skatta		1.090.604	1.153.597	1.562.197	1.734.938
Tekjuskattur		(215.084)	(223.858)	(307.875)	(323.659)
Hagnaður tímabilsins		875.520	929.739	1.254.322	1.411.279

Hagnaður tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:

		1. júní til 31. ágúst	1. mars til 31. ágúst	2025*	2024*
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.		888.558	884.667	1.248.347	1.328.476
Hlutdeild minnihluta		(13.037)	45.072	5.975	82.803
Hagnaður tímabilsins		875.521	929.739	1.254.322	1.411.279
Hagnaður á hlut		0,31	0,33	0,44	0,50
Pynnur hagnaður á hlut		0,30	0,32	0,43	0,48

* án endurskoðunar eða könnunar

Yfirlit yfir heildarafkomu

'000 ISK	1. júní til 31. ágúst		1. mars til 31. ágúst	
	2025*	2024*	2025	2024
Hagnaður tímabilsins	875.521	929.739	1.254.322	1.411.279
Önnur heildarafkoma				
<i>Líðir sem síðar gætu verið flokkaðir í rekstur</i>				
Þýðingarmunur vegna dótturfélags	(266.042)	11.854	(422.676)	70.275
Heildarafkoma tímabilsins	609.480	941.592	831.647	1.481.553
Heildarafkoma tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:				
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.	753.914	888.818	1.054.689	1.362.321
Hlutdeild minnihluta	(144.435)	52.774	(223.043)	119.232
Heildarafkoma tímabilsins	609.480	941.592	831.647	1.481.553

Próun EBITDA og EBIT		1. júní til 31. ágúst		1. mars til 31. ágúst	
		2025*	2024*	2025	2024
EBITDA	-3%	1.610.867	1.656.083	-5%	2.581.298
Afskriftir	12%	302.546	270.896	10%	603.028
EBIT	-6%	1.308.321	1.385.187	-9%	1.978.270
Hreindir fjármagnsliðir	-9%	(219.631)	(241.343)	-6%	(419.902)
Áhrif hlutdeildarféлага	-80%	1.914	9.753	-80%	3.829
					19.506

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu

Eignir		31. ágúst 2025	28. febrúar 2025
'000 ISK	Skýr.		
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir		15.809.831	16.032.596
Óefnislegar eignir	6	8.002.944	7.362.160
Húsaleiguréttindi		100.355	110.366
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		495.250	491.421
Skuldabréfaeign		784.462	819.973
Fastafjármunir		25.192.842	24.816.516
VELTUFJÁRMUNIR			
Birgðir		4.019.672	3.600.027
Viðskiptakröfur		4.206.672	3.450.185
Aðrar skammtímaskröfur		102.999	43.669
Handbært fé		2.131.583	1.273.246
Veltufjármunir		10.460.926	8.367.127
Eignir samtals		35.653.769	33.183.644

Skuldir og eigið fé		31. ágúst 2025	28. febrúar 2025
'000 ISK	Skýr.		
EIGIÐ FÉ			
Hlutfé		2.863.897	2.843.085
Yfirvörðsreikningur hlutafjár		1.395.624	1.292.394
Annað bundið eigið fé		4.016.609	4.142.395
Óráðstafað eigið fé		7.551.356	6.343.632
Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags		15.827.487	14.621.506
Hlutdeild minnihluta		1.530.660	1.753.702
Eigið fé samtals		17.358.146	16.375.208
SKULDIR			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5	5.065.646	5.223.492
Húsaleiguskuldbinding		84.008	95.906
Tekjuskattsskuldbinding		2.746.887	2.771.334
Langtímaskuldir og skuldbindingar		7.896.541	8.090.732
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	5	3.845.427	3.032.663
Næsta árs afborganir	5	373.240	366.678
Ógreiddur tekjuskattur		261.818	560.552
Viðskiptaskuldir		2.677.852	2.445.114
Aðrar skammtímaskuldir		3.240.745	2.312.697
Skammtímaskuldir		10.399.082	8.717.705
Skuldir samtals		18.295.623	16.808.436
Skuldir og eigið fé samtals		35.653.769	33.183.644

Samandregið sjóðstreymisýfirlit samstæðu

fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2025

'000 ISK	Skýr.	1. mars til 31. ágúst	
		2025	2024
Hagnaður tímabilsins		1.254.322	1.411.279
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi</i>			
Kaupréttarsamningar		27.249	30.422
Afkoma hlutdeildarféлага		(3.829)	(19.506)
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfj.		(11.880)	(12.097)
Afskriftir og virðisrýrnun		603.028	548.249
Breyting tekjuskattsskuldbindingar		(24.697)	65.658
Breyting á áföllnum vöxtum		11.866	114.667
Hreint veltufé frá rekstri		1.856.057	2.138.671
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(715.963)	(1.367.647)
Birgðir		(419.645)	(499.557)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		779.117	479.537
Handbært fé frá rekstri		1.499.566	751.003
<i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting		(813.633)	(780.308)
Skuldabréf, breyting		35.511	(395.802)
Hreint sjóðstreymi við kaup á dótturfélagi		(657.446)	0
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(1.435.568)	(1.176.110)

'000 ISK	Skýr.	1. mars til 31. ágúst	
		2025	2024
<i>Fjármögnunahreyfingar</i>			
Ný skammtímalán	5	3.656.378	3.693.007
Afborganir skammtímalána	5	(2.820.000)	(3.035.675)
Afborganir langtímalána	5	(152.964)	(349.531)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(14.008)	(12.687)
Greiddur arður		0	(1.418.858)
Innborgað hlutafé		124.043	183.885
Sjóðstreymi af fjármögnun		793.449	(939.859)
<i>Breyting á handbæru fé</i>			
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		857.447	(1.364.965)
Handbært fé í byrjun tímabilsins		891	(346)
Handbært fé í lok tímabilsins		1.273.246	1.523.787
Frjálst fjárlæði		2.131.584	158.476
<i>Frjálst fjárlæði</i>			
Handbært fé frá rekstri		1.499.566	751.003
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(1.435.568)	(1.176.110)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(14.008)	(12.687)
Frjálst fjárlæði		49.990	(437.795)
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðir vextir		30.695	61.318
Greiddir vextir		(491.120)	(536.820)
Greiddur tekjuskattur		(272.638)	(187.660)

Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2025

'000 ISK	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Staða 1. mars 2025	2.843.085	1.292.394	4.142.395	6.343.632	14.621.506	1.753.702	16.375.208
Hagnaður tímabilsins				1.248.347	1.248.347	5.975	1.254.322
Pýðingarmunur			(193.658)		(193.658)	(229.018)	(422.676)
Heildarafkoma tímabilsins			(193.658)	1.248.347	1.054.689	(223.043)	831.647
Innlestir kaupréttir	20.813	103.230	(10.823)	10.823	124.043		124.043
Gjaldfærðir kaupréttir			27.249		27.249		27.249
Bundnar hlutdeildartekjur			51.445	(51.445)	0		0
Staða 31. ágúst 2025	2.863.897	1.395.624	4.016.609	7.551.356	15.827.487	1.530.660	17.358.146

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2024

'000 ISK	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Staða 1. mars 2024	2.806.647	1.102.553	3.135.377	6.386.165	13.430.742	1.616.305	15.047.046
Leiðrétting á eigin fé				(27.082)	(27.082)		(27.082)
Hagnaður tímabilsins				1.328.476	1.328.476	82.803	1.411.279
Pýðingarmunur			33.845		33.845	36.430	70.275
Heildarafkoma tímabilsins			33.845	1.328.476	1.362.321	119.233	1.481.553
Innlestir kaupréttir	30.750	153.135	(14.453)	14.453	183.885		183.885
Gjaldfærðir kaupréttir			30.422		30.422		30.422
Bundnar hlutdeildartekjur			384.231	(384.231)	0		0
Úthlutaður arður				(1.418.858)	(1.418.858)		(1.418.858)
Staða 31. ágúst 2024	2.837.397	1.255.688	3.569.422	5.898.922	13.561.430	1.735.537	15.296.967

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskila

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu (EU) og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma árs hlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Árs hlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum og þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandregni árs hlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 28. febrúar 2025. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar.

2. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárs hlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaða, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Starfspáttayfirlit

1. mars - 31. ágúst 2025	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar tekjur	11.256.809	6.347.660	5.566.904	1.453.994	24.625.368
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	1.159.327	1.202.896	288.538	(69.463)	2.581.298
Rekstrarhagnaður	882.077	941.302	244.971	(90.080)	1.978.270
Fjármagnsliðir og hlutd.					(416.072)
Tekjuskattur					(307.875)
Hagnaður tímabilsins					1.254.323

1. mars - 31. ágúst 2024	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar tekjur	10.820.487	6.296.395	5.423.855	1.449.745	23.990.482
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	907.148	1.250.411	302.284	251.496	2.711.339
Rekstrarhagnaður	627.259	1.032.548	275.318	227.964	2.163.090
Fjármagnsliðir og hlutd.					(428.152)
Tekjuskattur					(323.659)
Hagnaður tímabilsins					1.411.279

¹⁾ Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgna í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

²⁾ Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgna í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

³⁾ Tekjur hjá Danól eru fólgna í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

⁴⁾ Tekjur af öllum útflutningi hjá samstæðu Ölgerðarinnar, sem er að stærstum hluta vegna Iceland Spring og Collab útflutnings.

Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu annarra rekstrarstarfspátta samstæðunnar. Rekstrarstarfspáttir eru skilgreindir í samræmi við innra skipulag og skýrslugjöf til stjórnenda sem notaðar eru í ákvarðanatöku. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fjóra rekstrarstarfspátti.

Skipting sameiginlegs kostnaðar á Egils tekjusviðin skiptist í hlutföllum við veltu án áfengis- og skilagjalda.

Tekjuskráning

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

4. Kostnaður sundurliðaður eftir eðli

Flokkun í rekstrarreikningi	1. mars til 31. ágúst	
	2025	2024
Flokkun í rekstrarreikningi		
Framleiðslukostnaður	10.708.201	10.769.256
Annar rekstrarkostnaður	5.383.596	4.841.418
Samtals	16.091.796	15.610.673
Flokkun miðað við eðli		
Vörunotkun	9.156.674	9.270.052
Annar framleiðslukostnaður	488.825	480.611
Markaðs- og sölukostnaður	1.683.312	1.551.202
Laun og launatengd gjöld	2.843.470	2.560.250
Afskriftir	603.028	548.249
Annar rekstrarkostnaður	1.316.487	1.200.309
Samtals	16.091.796	15.610.673
<i>Afskriftir eru flokkaðar á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	334.505	305.605
Annar rekstrarkostnaður	268.523	242.644
Samtals	603.028	548.249
<i>Laun og launatengd gjöld eru flokkuð á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	557.970	544.325
Annar rekstrarkostnaður	2.285.500	2.015.925
Samtals	2.843.470	2.560.250

Framleiðslukostnaður samanstendur af beinum og óbeinum kostnaði við framleiðslu á fullnum vörum sem skapa tekjur á árinu. Innan framleiðslukostnaðar er hráefniskostnaður, laun og launatengd gjöld og annar framleiðslukostnaður sem inniheldur húsnæðiskostnað, leigu og afskriftir vegna varanlegrar rekstrarfjármuna sem nýttir eru í framleiðslunni.

Rekstrarkostnaður samanstendur af kostnaði við dreifingu og sölu á fullnum vörum og þjónustu sem skapa tekjur á árinu ásamt kostnaði við stjórnun og rekstur samstæðunnar. Annar rekstrarkostnaður inniheldur laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnað, leigu, afskriftir af varanlegum og óefnislegum eigum, tryggingar sem og annan skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

5. Vaxtaberandi langtímaskuldir

	31.8.2025	28.2.2025
Langtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	5.409.485	5.562.449
Næsta árs afborgun	(343.840)	(338.958)
Samtals langtímahluti	5.065.645	5.223.492

Víxilskuldir í íslenskum krónum (ISK)	2.585.969	2.754.104
Vaxtaberandi skammtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	1.000.000	-
Vaxtaberandi skammtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	259.457	278.559
Samtals vaxtaberandi skammtímaskuldir	3.845.427	3.032.663

Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	343.840	338.958
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	29.400	27.720
Næsta árs afborgun langtímaskulda og leiguskuldbindingar	373.240	366.678

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	31.8.2025	28.2.2025
Afborganir innan 12 mánaða	343.840	338.958
Afborganir eftir 12-24 mánuði	1.479.873	340.179
Afborganir eftir 24-36 mánuði	216.606	1.404.168
Afborganir eftir 36-48 mánuði	184.515	189.920
Afborganir síðar	3.184.651	3.289.224
Samtals	5.409.485	5.562.449

6. Kaup á Ankra ehf.

Á tímabilinu gekk Ölgerðin frá kaupum á öllu hlutafé í Ankra ehf. sem hefur séð Ölgerðinni fyrir kollageni frá árinu 2019. Kaupverðið nam 804 milljónum króna og hefur verið greitt að fullu með handbæru fé. Viðskiptavild í kaupunum nam alls 641 milljón króna. Gangvirði eigna og skulda Ankra á yfirtökudegi þann 15. apríl hefur verið metið samkvæmt bráðabirgðakaupverðsútteilingu eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar og útleiðslu á yfirverði má sjá í töflunni hér að neðan.

Útleiðsla á yfirverði

Kaupverð	804.231
Gangvirði hreinna eigna samkvæmt kaupverðsútteilingu	163.447
Viðskiptavild	640.784

Kostnaður við yfirtökuna nam 4,1 millj. króna.

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að fráregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Fjárskuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarlutfall. Í lok reikningskilatímabilsins stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

Allar skuldir við lánastofnanir eru á óverðtrygðum breytilegum vöxtum. Meðalvextir skulda þann 31. ágúst 2025 voru 9,2% (28. febrúar 2025: 9,7%).

Aðrar skuldir, þar með talið, viðskiptaskuldir, skuldir við tengda aðila, virðisaukaskattur og aðrar skammtímaskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði sem jafnan samsvarar nafnvirði þeirra.

Gangvirði eigna

Viðskiptakröfur	69.889
Aðrar skammtímakröfur	29.964
Handbært fé	146.785
Samtals eignir	246.638

Gangvirði skulda

Tekjuskattsskuldbinding	250
Viðskiptaskuldir	43.467
Ógreiddir reiknaðir skattar	6
Aðrar skammtímaskuldir	39.468
Samtals skuldir	83.192

Gangvirði hreinna eigna	163.447
--------------------------------	----------------

7. Kaupréttarsamningar

Á árunum 2021 og 2023 gerði félagið kaupréttasamninga við stjórnendur og tiltekið lykilstarfsfólk í samræmi við samþykktu starfskjarastefnu Ölgerðarinnar, sjá nánar í ársreikningi félagsins fyrir fjárhagsárið sem lauk 28. febrúar 2025. Í lok ágúst 2025 gerði félagið einnig kaupréttarsamninga á grundvelli kaupréttaráætlunar sem nær til alls fastráðins starfsfólks í samstæðu Ölgerðarinnar í samræmi við starfskjarastefnu sem var samþykkt á aðalfundi í maí 2025. Stjórn Ölgerðarinnar hefur heimild til að gera upp útgefna kauprétti með útgáfu nýs hlutafjár.

Samkvæmt nýju kaupréttaráætluninni öðlast hver kaupréttarhafi rétt til að kaupa hluti í Ölgerðinni fyrir að hámarki 750 þúsund krónur einu sinni á ári í þrjú ár, fyrst þann 1. september 2026, næst þann 1. september 2027 og loks þann 1. september 2028, samtals fyrir allt að 2.250 þúsund krónur. Ávinnsla kaupréttar er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi starfi fyrir félagið eða dótturfélag þess, en að öðrum kosti fellur áunninn en ónýttur kaupréttur niður ef starfsmaður lætur af störfum fyrir lok ávinnslutímabils. Kaupverð hluta er vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins síðustu tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag, sem er 31. ágúst 2025, eða kr. 18,35 hver hlutur. Alls gerðu 303 starfsmenn Ölgerðarinnar og dótturfélaga kaupréttarsamninga. Kaupréttarsamningarnir ná samtals til allt að 12.383 þúsund hluta á ári miðað við 100% nýtingu kaupréttar.

Á reikningsskiladegi endurskoðar félagið mat sitt á áætluðum fjölda kaupréttar sem ávinnast munu á grundvelli ávinnsluskilyrða sem ekki teljast markaðsskilyrði. Áhrif endurmatsins, ef einhver eru, eru færð í rekstrarreikning samstæðunnar með samsvarandi leiðréttingu meðal eigin fjár. Kaupverð, að frádrögnum öllum beinum viðskiptakostnaði, er fært meðal hlutafjár (nafnverð) og á yfirverðsreikning hlutafjár þegar kaupréttirnir eru nýttir.

Útistandandi kaupréttir í félaginu þann 31. ágúst 2025 nema 113,964 þúsund hlutum eða um 4,0% hlutafjár í félaginu (28. febrúar 2025: 97.625 þúsund hlutir eða 3,4% hlutafjár). Á tímabilinu voru 27,2 m.kr. (1. mars-31. ágúst 2024: 30,4 m.kr.) gjaldfærðar í rekstrarreikningi Ölgerðarinnar vegna kaupréttarsamninga.